

Reykjavík, 5. mars 2019

Sæl/sæll.

Yfir stendur atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna Eflingar um verkföll sem m.a. taka til hópþreifreiðafyrirtækja.

Af þeim ástæðum langaði mig f.h. Eflingar að miðla eftirfarandi upplýsingum til forsvarsmanna hópþreifreiðafyrirtækja á félagssvæði Eflingar. Þetta eru atriði sem varða rétt okkar félagsfólks til þátttöku í verkfalli og verkfallskosningum og skyldur atvinnurekenda í því sambandi.

- Réttur félagsmenna í stéttarfélögum til þátttöku í verkfalli, þar með talið kosningu um verkfall, er varinn af lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur sem og stjórnarskrá Íslands og Mannréttindasáttmála Evrópu.
- Samkvæmt 4. grein laga nr. 80/1938 er atvinnurekendum óheimilt að reyna að hafa áhrif á afskipti starfsmanna af stéttarfélögum og vinnudeilum. Þetta þýðir m.a. að atvinnurekendum er óheimilt að reyna að hafa áhrif á afstöðu starfsmanna til verkfallskosningar eða þátttöku þeirra í henni.
- Eflingu hafa borist nokkrar tilkynningar frá félagsmönnum um að forsvarsmenn atvinnurekenda á tilteknum vinnustöðum hafi beitt sér með óeðlilegum hætti til að hafa áhrif á þátttöku og afstöðu starfsmanna í verkfallskosningu. Meðal annars höfum við fengið staðfesta vitnisburði um að fulltrúar atvinnurekenda hafi hótad tilteknum efnahagslegum afleiðingum, t.a.m. uppsögnum og kjaraskerðingum, ef til verkfalla komi. Slíkt athæfi er með öllu óheimilt og felur í sér brot gegn lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.
- Brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur varða skaðabótum og sektum og áskilur Efling sér allan rétt til málshöfðana fyrir Félagsdómi vegna slíkra brota.

Virðingarfyllst,



Sólveig Anna Jónsdóttir

formaður Eflingar - stéttarfélags